

Fundargerð

9. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum

4. október 2021 kl. 9:00, fjarfundur

Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Arnór Snæbjörnsson (AS), Eggert Ólafsson (EÓ), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Albert Þorbergsson (AP) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 8. fundar

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð 8. fundar. Samþykkt var fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

2. Framhald kynningar á fyrstu drögum að nýtingu á skipulagssvæðinu í heild.

Yfirferð yfir nýtingu strandsvæða fyrir Vestfirði haldið áfram sem frá var horfið. Farið var yfir það svæði sem ekki tókst að ljúka fyrstu umfjöllun um innan skipulagðs fundartíma 8. fundar, nyrsta hluta skipulagssvæðisins frá Arnarnesi að Straumnesi. Líkt og fyrr kynnti EAÁ drögin og fór yfir þá hluta skipulagssvæðisins sem eftir voru, sem síðan voru teknir til umræðu út frá mismunandi nýtingarmöguleikum.

EAÁ sagði stuttlega frá því sem fram kom á fundum með hafnar- og siglingaryfirvöldum og með Náttúrufræðistofnun Íslands.

Önnur mál

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fundi var slitið klukkan 11.07